

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi árið 2013.

#### 1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) árið 2013 í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum.

<i>Sorpgjöld</i>	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðir	17.700	18.400	36.100
Íbúðarhús	8.850	9.200	18.050
Sumarhús			
Fyrirtæki			
Flokkur 0		20.900	20.900
Flokkur 1	20.900	20.900	41.800
Flokkur 2	68.500	41.800	110.300
Flokkur 3	137.000	55.250	192.250
Flokkur 4	205.500	57.500	263.000
Flokkur 5	274.000	62.700	336.700

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum, sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnæði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnæði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi sorps.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 2013.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, 13. desember 2012.*

**Ásgeir Magnússon** sveitarstjóri.